



# Stjórnsýsluréttur

## Námskeið fyrir stjórnendur

Akureyrarbær

Inga Þöll Þórgnýsdóttir

2018

# Um hvað fjallar námskeiðið?

- **Málsmeðferðareglur** þegar nefndarmenn/starfsmenn taka **stjórnvaldsákvörðun**
- Málsmeðferðareglurnar er að finna í **stjórnsýslulögum nr. 37/1993**
- **<http://www.althingi.is/lagas/148a/1993037.html>**

# Hvers vegna höfum við stjórnsýslu?

- Við borgum skatta „til samfélagsins“
- Lög eiga að segja til um rétt borgaranna til þjónustu og fyrirgreiðslu úr sameiginlegum sjóðum og hvaða samfélagslegu verkefnum hið opinbera á að sinna
- Stjórnsýslan er til að framkvæma lög, fara með vald og taka einhliða ákvarðanir

# Markmið með stjórnsýslulögum

- Ætlað að tryggja sem best réttaröryggi borgaranna í samskiptum við stjórnvöld
- Lögbundið hvaða reglum stjórnvald á að fylgja við meðferð máls
- Skráðar reglur – aðgengilegar fyrir borgarana og starfsfólk stjórnsýslunnar
- Veita borgurum þátttökurétt í undirbúningi ákvarðana

# Réttarheimildir stjórnarsýslunnar

- Óskráðar grundvallarreglur stjórnarsýslunnar
  - Lögmætisreglan, reglan um málefnaleg sjónarmið
- Skráðar reglur stjórnarsýslunnar
  - **Stjórnarsýslulög nr. 37/1993**
    - Andmælaregla, rannsóknarregla, meðalhófsregla, leiðbeiningarskylda, jafnræðisregla o.fl.
  - Persónuverndar- og upplýsingalög
  - Sérstök efnislög um einstök svið stjórnarsýslunnar
    - Dæmi: Barnaverndarmál, skattamál, skipulagsmál o.fl.

# Málsmeðferða- og efnisreglur stjórnsýsluréttar

- Hæfisreglur
- Tilkynningaregla
- Leiðbeiningaskylda
- Málshraðaregla
- Rannsóknarregla
- Jafnræðisregla
- Meðalhófsregla
- Andmælaréttur
- Upplýsingaréttur
- 3. – 6. gr. ssl.
- 14. gr. ssl.
- 7. gr. ssl.
- 9. gr. ssl.
- 10. gr. ssl.
- 11. gr. ssl.
- 12. gr. ssl.
- 13. gr. ssl.
- 15. – 17. gr.

# Flokkun reglna

- **1. Við upphaf stjórnslumáls**
  - Skráning og könnun á máli (framsending?)
  - Er ákvörðun stjórnvaldsákvörðun? Gilda ssl?
  - Er réttur aðili að máli?
  - Hæfi stjórnvalds?
- **2. Formreglur við meðferð máls**
  - Leiðbeiningaskylda
  - Tilkynningaregla
  - Málshraðaregla
  - Frestreglur

- **3. Formreglur við undirbúning ákvörðunar**
  - Rannsóknaregla
  - Andmælairegla
  - Upplýsingaréttur
- **4. Efnisreglur við töku ákvörðunar**
  - Jafnræðisregla
  - Málefnaleg sjónarmið
  - Meðalhófsregla
  - Lögmætisregla



- **5. Reglur við afgreiðslu og birting ákvörðunar**
  - Afgreiðsla ákvörðunar
  - Breyting ákvörðunar
  - Leiðbeiningaskylda við birtingu ákvörðunar
  - Birtingareglur
- **6. Réttur eftir birtingu ákvörðunar**
  - Leiðrétting ákvörðunar
  - Afturköllun ákvörðunar
  - Réttur til rökstuðnings
  - Endurupptaka
  - Stjórnarsýslukæra
  - Kvörtun til umboðsmanns Alþingis
  - Dómstólaleið

# Réttaráhrif brota á málsmeðferð stjórnslunnar

- Flestir annmarkar á málsmeðferða- og efnisreglum stjórnslunnar geta leitt til **ógildingar** stjórnvaldsákvörðunar
- Ólögðmæt stjórnvaldsákvörðun getur leitt til **skaðabótaskyldu** stjórnvalds

# Gildissvið stjórnsýslulaga nr. 37/1993

- Gilda um stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga
  - Sú stjórnsýsla sem heyrir undir framkvæmdavaldið (m.a. sveitarfélög)
    - Löggjafar- og dómsvaldið undanskilið ssl.
  - Þegar stjórnvald tekur stjórnvaldsákvörðun
- Undantekning (ssl. gilda ekki)
  - Ákvarðanir sem lúta að þjónustustarfsemi
  - Ákvarðanir einkaréttarlegs eðlis
    - ATH! Hæfisreglur!

# Stjórnvaldsákvörðun

- Þegar stjórnvald kveður einhliða á um rétt og/eða skyldu tiltekins/tiltekinna aðila í ákveðnu máli í skjóli stjórnarsýsluvalds
- Ekki stjórnvaldsákvörðun
  - Stjórnvaldsfyrirmæli, tilmæli
  - Setning reglna, gjaldskráa og samþykka
- Þó ekki sé verið að taka stjórnvaldsákvörðun þarf að fylgja meginreglum stjórnarsýslunnar

# Dæmi um stjórnvaldsákvörðun

- Gagnvart borgurunum
  - Veita/synja um húsaleigubætur
  - Veita/synja um aðgang að gögnum
  - Veita/synja um byggingarleyfi
  - Veita/synja um félagslegan styrk
  - Leggja dagsektir á framkvæmdaaðila
  - Veita áminningu vegna hundaleyfis
- Gagnvart starfsmönnum stjórnsýslunnar
  - Ráðning
  - Áminning
  - Uppsögn
  - Riftun

# Ekki stjórnvaldsákvarðanir, ssl. gilda ekki:

- Ákvarðanir sem lúta að þjónustustarfsemi
  - Umönnun sjúklinga, fatlaðra og aldraðra, kennsla, bókavarsla, slökkvistörf.....
    - ATH! Þjónustustarfsemi getur byrjað með stjórnvaldsákvörðun
- Ákvarðanir einkaréttarlegs eðlis
  - Kaup á vörum og þjónustu
  - Samningar við verktaka
    - Muna hæfisreglur

# Vísiregla

## Hvenær stjórnvaldsákvörðun?

- Líta verður til þess hvort ákvörðun lýtur fyrst og fremst að útfærslu og framkvæmd þjónustunnar (ssl. gilda ekki)  
eða
- Hvort ákvörðun er fremur lagalegs eðlis, færir aðilum réttindi eða skyldur (ssl. gilda)

# Dæmi

- Læknir metur að sjúklingur þurfi ekki sáraumbúðir á smávægilegt sár
- Læknir synjar konu um fóstureyðingu
- Skólastjóri kallar nemandu inn á skrifstofu í spjall, eftir að nemandi brýtur skólareglur
- Skólastjóri vísar nemandu tímabundið úr skóla



# Aðili stjórnsýslumáls

- Sá sem stjórnvaldsákvörðun er beint að
  - Boð, bann, synjun, réttindi eða leyfi er beint að
  - Einstaklingur eða lögaðili (einn eða fleiri)
- Ef er vafi hver er aðili máls er til viðmiðunar að aðili máls verður að eiga beinna, verulegra, sérstakra og lögvarinnar hagsmuna að gæta
- Fara þarf fram heildstætt mat á hagsmunum og tengslum “aðila” við úrlausn máls á grundvelli ákveðinna sjónarmiða
  - Dæmi um vafatilvik geta verið á sviði skipulags- og byggingarmála, umhverfisréttar, samkeppnismála o.fl.

# Upphaf stjórnsýslumáls

- Skráning máls og varðveisla gagna
  - *Stjórnvöldum er skylt að skrá mál, sem koma til meðferðar hjá þeim, á kerfisbundinn hátt og varðveita málgögn þannig að þau séu aðgengileg (upl./persvl.)*
- Er stjórnvald réttur aðili? Framsending máls
  - *Berist stjórnvaldi skriflegt erindi, sem ekki snertir starfssvið þess, ber því að framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem unnt er (2. mgr. 7. gr. ssl.)*

# Hæfisreglur 3. – 6. gr. ssl.

- Almennt hæfi
  - Eiginleikar, (hæfni, færni) til að gegna tilteknu starfi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum eða að taka sæti í nefnd
    - Hæfisskilyrði í starfsauglýsingu/hæfi skv. lögum
- **Sérstakt hæfi**
  - Sérstakar hæfisreglur fjalla um þær kröfur sem starfsmenn/nefndarmenn þurfa að uppfylla til að vera hæfir til meðferðar máls
    - Hæfi að fara með mál

# Markmið með hæfisreglum

- Stuðla að málefnalegri stjórnsýslu
- Nauðsynlegt skilyrði fyrir eðlilegum samskiptum almennings og stjórnvalda
- Stuðla að því að almenningur geti treyst því að stjórnvöld leysi úr málum á hlutlægan hátt
- Á þátt í að auka virðingu fyrir stjórnvöldum

# Hvenær þarf að huga að hæfi?

- Þegar teknar eru stjórnvaldsákvarðanir
  - Þegar starfsmenn/nefndir eru að undirbúa, fjalla um, eru með til meðferðar, afgreiða eða taka ákvörðun í einstökum málum sem eru til meðferðar hjá stjórnvaldi

# Hæfi sveitarstjórnarmanna

- 2. mgr. 2. gr. ssl.
- Um sérstakt hæfi sveitarstjórnarmanna og annarra þeirra sem starfa við stjórnarsýslu sveitarfélaga fer þó eftir sveitarstjórnarlögum

## 1. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011

# Hæfi starfsmanna sveitarfélaga

- Um hæfi starfsmanna sveitarfélaga til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórnvísulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í lögum þessum
- Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að einum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar, nema strangari regla sé sett í samþykkt um stjórn og fundarsköp
- Þá verður starfsmaður sveitarfélags ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls eða uppbygging stjórnkerfis sveitarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks
- Í öðrum tilvikum en skv. 1. mgr. ber starfsmanni sveitarfélags að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venlamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd sveitarfélags.

# 17. gr. bæjarmálasamþykktar

- Um hæfi bæjarfulltrúa, nefndarmanna og starfsmanna sveitarfélagsins til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórnsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í sveitarstjórnar-lögum
- Viðkomandi telst vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar
- Þá verður starfsmaður sveitarfélags ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls eða uppbygging stjórnkerfis sveitarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks
- Í öðrum tilvikum en skv. 1. mgr. ber bæjarfulltrúa, nefndarfulltrúa eða starfsmanni sveitarfélags að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd sveitarfélags



# Vanhæfisástæður 3. gr. ssl.

- Fjallar um vanhæfisástæður starfsmanna og nefndarmanna við undirbúning, meðferð máls og ákvarðanatöku
  - Aðili máls, fyrirvars- eða umboðsmaður aðila
  - Maki, skyldleiki eða mægðir í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða v. ættleiðingar
  - Tengsl við fyrirvars- eða umboðsmann aðila með sama hætti

- Kærustig og eftirlit á lægri stjórnarsýslusstigi
  - Á sjálfur sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta, venlamenn, sjálfseignarstofnun eða fyrirtæki í einkaeigu eða næstu yfirmenn hans
  - Ef draga má óhlutdrægni hans í efa með réttu
  - Ekki vanhæfi ef hagsmunir eru smávægileg eða aðkoma hans lítilfjörleg
- 
- **Starfsmaður/nefndarmaður = s/n**

# Aðili máls, umboðs- eða fyrirsvarsmaður eða venslaður

- Enginn er dómari í sjálfs sín sök
- Vanhæfi miðast við að sá sem fer með mál er sjálfur aðili máls eða er umboðs- eða fyrirsvarsmaður aðila máls
  - Aðili, forstjóri, framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður félags eða stofnunar, lögfræðingur, félagsráðgjafi, starfsmaður stéttarfélags, trúnaðarmaður, lögráðamaður eða forsjáraðili barns eða er mægður eða venslaður við aðila máls
- Ef s/n á verulegra, beinna og lögvarinna hagsmuna að máli eða úrlausn máls

# Vensl við aðila máls

- S/n er vanhæfur til meðferðar máls
  - ef er eða hefur verið maki aðila
  - er skyldur eða mægður aðila í beinan legg
  - er skyldur eða mægður aðila að öðrum lið til hliðar
  - er tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðinga
- Sama á við ef venzlamaður á sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta, þó hann sé ekki aðili
- Fjarlægari skyldleiki/mægðir valda ekki vanhæfi nema annað komi til

# Skyldleiki/mægðir í **beinan legg**

- S/n er vanhæfur til meðferðar máls ef hann er skyldur aðila í beinan legg
  - Faðir, móðir,
  - Afi, amma, langafi, langamma...
  - Börn, barnabörn, barnabarnabörn...
  - Engin mörk hve margar kynslóðir eru á milli
- S/n er vanhæfur til meðferðar máls ef hann er mægður aðila í beinan legg
  - Tengdasonur, tengdadóttir, tengdaforeldrar...

# Skyldleiki að öðrum lið til hliðar

- Talið frá sameiginlegum afa/ömmu, allt að öðrum lið til hliðar (tvær kynslóðir)
  - Systkini, hálsystkini, systkinabörn
  - Föður- og móðursystkini og börn þeirra
- Veldur ekki vanhæfi skv. 2. tl. (“stýfing”)
  - Ömmu- og afasystkini og börn þeirra
  - Þriðja kynslóð, t.d. sameiginlegur langafi- eða amma

# Mægðir

- S/n er vanhæfur í málum:
- Ættingja maka síns í beinan legg og að II. lið til hliðar
  - Tengdaforeldrar, börn maka frá fyrri hjúskap, systkini maka og börn þeirra, föður- og móðursystkini maka og börn þeirrar
- Maka ættingja að öðrum lið til hliðar
  - Maki systkina hans, bróður- eða systurdóttur o.s.frv.
- Maka hans og maka málsaðila í beinan legg og II. lið til hliðar
  - Svili og svilkona

# Öryggisreglur

- Hæfisreglur eru öryggisreglur
- Því gilda hæfisreglur ef 3. gr. á við um vensl og mægðir þó starfsmaður og aðili þekkist ekki!!!
- Vinatengsl – sjá 6. tl.



# Kæru- eða eftirlitssamband

- S/n er vanhæfur til meðferðar máls á kærustigi hafi hann áður tekið þátt í meðferð máls á lægra stjórnsýslustigi
- Starfsmaður er vanhæfur til meðferðar máls hjá umsjónar- eða eftirlitsvaldi ef hann hefur áður haft afskipti af málinu hjá þeirri stofnun sem eftirlitið lýtur að

# Mál snertir sérstaka og verulega hagsmuni s/n sjálfs eða venslamann hans

- S/n eða venslamaður þarf ekki að vera *aðili* að máli
- Hefur í raun *aðilastöðu*
- Hefur fyrirsjáanlega sérstaka og verulega framtíðarhagsmuni, t.d. tap eða gróða

# Ef draga má óhlutdrægni hans í efa með réttu

- Vinátta
- Óvinátta
- Ástarsambönd
- Kunningsskapur
- Félagsaðild í félagasamtökum
- Eignarhald/hlutur í fyrirtækjum
- ..... o.s.frv.

# Vínátta, óvínátta o.fl.

- Náin vínátta og mikil óvínátta getur valdið vanhæfi
- Kunningssskapur eða að “allir þekkja alla” nægir ekki
- Um verður að ræða sannanlegar hlutlægar aðstæður sem út í frá eru almennt taldar til þess fallnar að draga megi í efa óhlutdrægni s/n

# Eignarhald í fyrirtæki

## Hlutafjáreign

- Einkafyrirtæki valda alltaf vanhæfi starfmanns
- Hlutafélög: Veldur oftast vanhæfi ef s/n á 25-30% hlut eða meira, án þess að staðreynt verði hvort niðurstaða máls geti haft áhrif á hagsmuni s/n sem hluthafa
- Ef minni hlut, þá heildstætt mat:
  - Verðmæti eignarhluta s/n
  - Hversu stór hluti af hlutafé fyrirtækis
  - Er hann ráðandi í félaginu eða ekki?

- Ef s/n á ekki umtalsverðan hlut en þó það stóran að gæti leitt til vanhæfis, þarf að skoða:
  - Hvaða áhrif má ætla að niðurstaða máls geti haft á fjárhagslega hagsmuni hans sem eiganda hlutafjárins
  - Nægir hvorki að kanna verðmæti (sölugengi) né hversu stór hluti hans er af hlutafénu, heldur yrði að greina áhrif málsins sem er til meðferðar á verðmæti eignarhluta s/n
  - Eru aðstæður með þeim hætti að haft geti áhrif á afstöðu venjulegs s/n, þannig að hætta er á ómálefnalegum sjónarmiðum?
- Litlir hlutir í t.d. almenningshlutafélögum valda venjulega ekki vanhæfi

- Fyrirsvar eða hlutafjareign venslamanna og þeirra sem eru mægðir s/n geta leitt til vanhæfis með sama hætti
- Því stærri hagsmunir því ríkari kröfur
- Því fjarlægari tengsl því minni hætta á ómálefnalegum sjónarmiðum
- Litið á vægi hagsmunanna

# Undantekning frá hæfisreglum

- S/n er almennt talinn vanhæfur til meðferðar máls ef hætta er á að ómálefnaleg sjónarmið geti haft áhrif á úrlausn máls
- **Undantekningar:**
- **1.** Ef þeir hagsmunir sem málið snýst um eru það smávægilegir að ekki er talin hætta á að ómálefnaleg sjónarmið geti haft áhrif á ákvörðun
  - Dæmi: Lítill hlutur í almenningshlutafélagi



- **2.** Ef eðli máls er með þeim hætti að ekki er talin hætta á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á ákvörðun
  - Dæmi: Lögbundin stjórnvaldsákvörðun
- **3.** Ef þáttur hans í meðferð máls er það lítilfjörlegur að ekki er talin hætta á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á ákvörðun
  - Dæmi: Starfsmenn við almenn skrifstofustörf

# Tilkynningaregla

- 14. gr. stjórnslulaga

“Eigi aðili máls rétt á að tjá sig um efni þess skv. 13. gr. skal stjórnvald, svo fljótt sem því verður við komið, vekja athygli aðila á því að mál hans sé til meðferðar, nema ljóst sé að hann hafi fengið vitneskju um það fyrir fram”

13. gr. fjallar um andmælarétt

# Vitneskja aðila um mál til meðferðar

- Forsenda þess að aðili geti kynnt sér gögn og tjáð sig um það, er að hann hafi vitneskju um að mál sé til meðferðar
- Til að byrja meðferð máls verður stjórnvald að hafa nægar upplýsingar svo tilefni sé til að hefja málið - Nátengt rannsóknarreglunni
- Þegar nægar upplýsingar liggja fyrir verður að tilkynna aðila að mál hans sé til meðferðar hjá stjórnvaldi

# Hversu fljótt ber að tilkynna?

- Svo fljótt sem við verðum komið
- Forsenda þess að aðili geti hafist handa sem fyrst og hafi besta möguleika til þess að kynna sér gögn og gæta hagsmuna sinna
- Rannsóknarhagsmunir
  - 4. mgr. 21. gr. barnaverndarlaga
    - “...heimilt er að fresta tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna.”

# Leiðbeiningaskylda

- Leiðbeiningaskylda við meðferð máls
- 1. mgr. 7. gr. stjórnarsýslulaga
  - “Stjórnvald skal veita þeim sem til þess leita nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerta starfssvið þess”

# Inntak leiðbeiningaskyldu

- Stjórnvaldi er skylt að leiðbeina og aðstoða þá sem til þess leita um málefni sem eru á starfssviði þess
- Stjórnvaldi ber að svara fyrirspurnum
- Stjórnvald getur gefið staðlaðar upplýsingar eða einstaklingsbundnar
- Stjórnvald skal leiðbeina um útfyllingu eyðublaða

- Gefa skal leiðbeiningar um
  - réttarreglu sem reynir á
  - tilhögun á meðferð máls, þ.m.t. tímalengd
  - gögn sem leggja ber fram
  - gjald fyrir þjónustu
- Rík leiðbeiningarskylda ef
  - ljóst er að aðili misskilur réttarreglur
  - ljóst er að aðili skilar ekki inn nauðsynlegum gögnum
  - aðili hefur bersýnilega mikla þörf fyrir leiðbeiningar
    - Greindarskerðing, blindi, heyrnarleysi, tungumála-örðugleikar, ungur aldur, lesblindi, tölvukunnáttu áfátt o.s.frv.

# Málshraðaregla

- 1. mgr. 9. gr. stjórnarsýslulaga

“Ákvarðanir í málum skulu teknar svo fljótt sem unnt er”



# Meginreglur um málshraða

- Málshraði má ekki vera á kostnað vandaðra stjórnsýsluhátta
- Oftast hafa aðilar hagsmuni af því að mál hljóti hraða afgreiðslu
- Afgreiðslutími máls getur verið prófsteinn á réttlætið
- Aldrei má vera um ónauðsynlegan drátt að ræða við afgreiðslu máls

# Tafir á afgreiðslu máls

- 3. mgr. 9. gr. ssl.
- Þegar fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls muni tefjast ber að skýra aðila máls frá því
- Skal þá upplýsa um ástæður tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta
- Dragist afgreiðsla máls óhæfilega er heimilt að kæra það til þess stjórnvalds sem ákvörðun í málinu verður kærð til

# Frestreglur

- Í stjórnarsýslulögum eru ákvæði um fresti sem stjórnvald verður að virða
  - Stjórnvald skal svara beiðni um rökstuðning innan 14 daga frá því að hún barst
- Víða í efnislögum eru ákvæði um fresti sem stjórnvald skal virða
- Samkvæmt 18. gr. ssl. er stjórnvaldi heimilt að setja málsaðila ákveðinn frest til þess að kynna sér gögn máls og tjá sig um það

# Útreikningur frests

- Þar sem kveðið er á um frest í lögum telst sá dagur, sem fresturinn er talinn frá, ekki með í frestinum
- Ef lokadagur frests er almennur frídagur lengist fresturinn til næsta opnunardags þar á eftir.
- Að öðru leyti ber að telja frídaga með sem eru innan frestsins þegar fresturinn er reiknaður

# Upplýsingaréttur

- Í 15. – 17. gr. eru ákvæði um rétt til upplýsinga og takmarkanir á þeim rétti
- Aðili máls á rétt á því að kynna sér skjöl og önnur gögn sem **varða mál hans** hjá stjórnvaldi skv. 15. gr., ef tekin hefur verið stjórnvaldsákvörðun
- Takmarkanir á upplýsingarétti skv. 16. gr.
- Í 17. gr. er heimild að veita aðgang að hluta skjals
- Upplýsingalög varða aðgang að gögnum, þar sem sá sem óskar aðgangs er **ekki aðili** að máli

# Rannsóknarregla

## – 10. gr. *Rannsóknarreglan*

Stjórnvald skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því

Markmið að stjórnvaldsákvörðanir séu réttar

# Inntak rannsóknarreglu

- Áður en stjórnvaldi er heimilt að taka ákvörðun í máli er því skylt að undirbúa málið og rannsaka það með það að markmiði að afla nauðsynlegra upplýsinga um málsatvik
- Stjórnvald þarf ekki sjálft að afla upplýsinga
- Fer eftir eðli máls hvaða upplýsinga þarf að afla
  - Kann að vera lögbundið
  - Ef er matskennt verður að afla þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að hægt verði að beita þeim sjónarmiðum sem eru til grundvallar ákvörðun
  - Ef um mikilvæga hagsmuni er að ræða er gerð meiri krafa til stjórnvalda að rannsaka mál
    - Íþyngjandi mál, s.s. miklir fjárhagslegir eða persónulegir hagsmunir

# Dæmi um rannsóknarskyldu

- Umsækjandi um starf skilar ekki öllum tilskildum gögnum
  - Tilkynna að skila þarf gögnum fyrir ákveðinn tíma að öðrum kosti komi ekki til greina
- Ráðning í starf
  - Öll gögn allra liggi fyrir. Viðtal. Könnun. Ef byggt er á umsögnum þurfa þær að vera skriflegar.
- Velja þarf á milli þriggja starfsmanna í sambærilegu starfi vegna uppsagnar
  - Rannsaka hæfni, starfsaldur, menntun, kringumstæður o.s.frv.



- Tilkynning um meint einelti á vinnustað
  - Rannsaka þarf með viðtölum við starfsmenn og gagnaöflun. Skýrslugerð.
- Kvörtun að dagmamma sé með of mörg börn í gæslu
  - Könnun og rannsókn á högum. Andmælaréttur veittur.
- Eigandi númerslausrar bifreiðar á víðavangi finnst ekki
  - Staðreyna þarf hvort eigandi finnst með óyggjandi hætti áður en gripið er til aðgerða

# Tengsl rannsóknarreglu við önnur ákvæði ssl.

- Andmælaregla
  - Stundum er mál ekki nægjanlega upplýst nema aðila hafi verið gefinn kostur á að kynna sér gögn og koma að frekari upplýsingum um málsatvik
- Meðalhófsregla
  - Stjórnvöldum ber að haga rannsókn máls með þeim hætti að ekki séu notaðar harkalegri aðferðir en efni standa til
  - Málsaðilum og öðrum verði sem minnst óþægindi gerð við rannsókn máls
- Málshraðaregla
  - Rannsóknarregla má ekki vera á kostnað málshraða

# Andmælaregla

- Andmælaréttur 13. gr. ssl.

**Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft**

# Markmið andmæla-reglu

- Að gefa aðila máls rétt til að koma að sjónarmiðum sínum **áður** en ákvörðun er tekin er talið nauðsynlegt:
  - svo að ákvarðanir stjórnvalda séu löglegar og réttar
  - byggðar á lögmætum forsendum
  - þannig að réttindum borgaranna yrðu ekki skert
  - og hagsmunum þeirra stefnt í voða með handahófskenndum ákvörðunum

- Kjarni andmælaireglunnar er að ekki verði tekin ákvörðun um réttarstöðu aðilar fyrr en hann hefur fengið að taka afstöðu til:
  - málgagna og málsástæðna
  - að fá að tjá sig um mál (koma að sínum sjónarmiðum)
- Lagarök að baki andmælaireglu:
  - Tryggja réttaröryggi aðila
  - Að einstaklingur fái að hafa áhrif á niðurstöðu
- Tilgangurinn er þannig að mál verði betur upplýst
- Tengist því rannsóknareglunni

# Hvenær á aðili rétt á að tjá sig?

- Meginregla að aðili á rétt á að tjá sig **áður** en tekin er stjórnvaldsákvörðun
- Á sérstaklega við í mikilvægum málum, þar sem andmælaþreglan ruddi sér til rúms í ólögákveðnum tilvikum fyrir gildistíð ssl.
- Refsikennd viðurlög, t.d. dagsektir
- Stjórnarskrárbundin réttindi
  - Atvinnufrelsi, t.d. afturköllun vínveitingaleyfis
  - Friðhelgi eignarréttar, t.d. eignarnám

- Deila milli tveggja aðila
- Meðferð kærumála
- Réttindi starfsmanna
  - Viðurlög, áminning, uppsögn, riftun
- Réttindi umsækjenda um starf
  - Neikvæð umsögn fyrri stjórnanda
- Réttindi nemenda
  - Brottvísun úr skóla, brottvísun úr námsgrein
- Mál varðar fjárhagslega eða persónulega hagsmuni aðila
  - Mál sem byrja að frumkvæði stjórnvalda og eru íþyngjandi

# Verklagsreglur við áminningu

- 1. Brot á sér stað sem stjórnvald telur að geti varðað áminningu. Rannsóknarskylda 10. gr.
- 2. Starfsmanni *tilkynnt* um atferli eða atvik sem er til skoðunar. Tilkynningaregla 14. gr.
- 4. 1. fundur með starfsmanni. Farið yfir atvik.
- 3. Andmælaregla, leiðbeiningaregla og frestregla
- Gefinn *hæfilegur frestur* til **andmæla** 13. gr.
- 4. 2. fundur með starfsmanni, **andmæli afhent**
- 5. Ákvörðun: Jafnræðisregla og meðalhófsregla
- 6. Tilkynning/3. fundur með starfsmanni þar sem *kynnt er niðurstaða* stjórnvalds. Birtingarregla:
  - Gefin áminning að viðlagðri uppsögn ef er ítrekað sams konar brot innan gildistíma áminningar
  - Ekki gefin áminning - Mál fellt niður



# Jafnræðisregla

- **1. mgr. 11. gr. Jafnræðisreglan**
  - Við úrlausn mála skulu stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti
- Bann við mismunun 2. mgr. 11. gr. ssl.
- Jafnræðisregla og bann við mismunun skv. 1. mgr. 65. gr. Stjórnarskrár
- Óskráðar jafnræðisreglur stjórnsýslunnar
- Sérákvæði laga um jafnrétti
  - Fatlaðir
  - Kynjalög

- **Jafnræðisreglur – Bann við mismunun**
- 2. mgr. 11. gr. stjórnarsýslulaga
  - Óheimilt er að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða, byggðum á kynferði þeirra, kynþætti, litarhætti, þjóðerni, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum, þjóðfélagsstöðu, ætterni eða öðrum sambærilegum ástæðum
- 65. gr. Stjórnarskrár
  - Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti
  - Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna
- 1. gr laga um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla
  - Markmið laga þessara er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni.
- 1. gr. laga um málefni fatlaðra
  - Markmið þessara laga er að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi

- Sérþækar aðgerðir skv. 3. mgr. 26. gr. jafnréttislaga
  - Óheimilt er að auglýsa eða birta auglýsingu um laust starf þar sem gefið er í skyn að fremur sé óskað starfsmanns af öðru kyninu en hinu
  - **Þetta ákvæði gildir ekki ef tilgangur auglýsandans er að stuðla að jafnari kynjaskiptingu innan starfsgreinarinnar og skal það þá koma fram í auglýsingunni**
  - **Sama á við ef gild rök mæla með því að einungis sé auglýst eftir öðru kyninu**

Tvö tilvik þar sem reynir mest á jafnræðisreglu 1. mgr. 11. gr.

- **1. Samanburðartilvik (samræmisregla)**
  - Þegar efnisgrundvöllur tveggja eða fleiri ákvarðana eru borin saman
  - Sambærileg tilvik ber að leysa á grundvelli sömu sjónarmiða
- **2. Samkeppnistilvik**
  - Þegar þau gæði sem stjórnvöld veita eru það takmörkuð að þau verða ekki veitt öllum sem eftir þeim sækjast
  - Gæta þarf að málefnalegum sjónarmiðum

# Samræmisreglan

- Þegar stjórnvald hefur
  - byggt á tilteknum sjónarmiðum við beitingu matskennds lagaákvæðis
  - og lagt áherslu á ákveðið sjónarmið,
- leiðir jafnræðisregla til þess að þegar sambærilegt mál kemur aftur til úrlausnar á grundvelli sama lagaákvæðis
- ber almennt að leysa úr því á grundvelli sömu sjónarmiða og með sömu áherslur og gert var við úrlausn hinna eldri mála

- Sambærileg máls
  - Þó engin tvö mál séu eins geta ákveðnir þættir í þeim verið sambærilegir
  - Einvörðungu er gerður áskilnaður um að ákveðnir þættir stjórnslumáls séu sambærilegir
  - Greining á því byggist á túlkun á hlutaðeigandi lagaákvæði, á gildismati, sem ráða verður af settum lögum og öðrum réttarheimildum
- Fordæmi verður að vera löglegt
  - Sú stjórnvaldsákvörðun sem lögð er til grundvallar við samanburð og beitingu jafnræðisreglu verður að vera lögleg
  - Sama á við ef sambærileiki styðs við lög sem hefur verið breytt eða verið felld úr gildi
  - Hafi sambærileikamál verið afgreitt fyrir mistök er ekki hægt að byggja á því

# Samkeppnisregla

- Jafnræðisreglan getur átt við þegar þau gæði sem stjórnvöld veita eru það takmörkuð að þau verða ekki veitt öllum sem eftir þeim sækjast
- Markmið slíkra jafnræðisreglna er að allir sem uppfylla lágmarksskilyrði standi á ákveðnu tímamarki jafnfætis í samkeppni um tiltekin gæði, sem eru í takmörkuðu magni og hið opinbera veitir

**Efni: Álit Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2012**

Hér með tilkynnist yður að Samkeppniseftirlitið hefur gefið út meðfylgjandi álit nr. 1/2012 *Gæta skal að samkeppnissjónarmiðum við útleigu og sölu húsnæðis á vegum hins opinbera.* Þar er þeim tilmælum beint til opinberra aðila, hvort sem er á vettvangi ríkis eða sveitarfélaga, að þeir leiti tilboða í hlutlægu, málefnalegu og gagnsæju ferli þegar húsnæði eða önnur takmörkuð gæði eru seld eða leigð út til aðila sem stunda samkeppnisrekstur. Við ákvarðanir um skilmála, s.s. um sölu- eða leiguverð, eða tímalengd leigu, skal þess gætt að samkeppni sé ekki skekkt. Þá er mælst til þess að opinberir aðilar setji sér og birti almennar verklagsreglur um þetta efni.

Til efni álitsins er að á undanförunum árum hafa samkeppnisyfirvöld haft til rannsóknar nokkur mál sem varða fyrirkomulag á útleigu húsnæðis á vegum hins opinbera, þ.e. sveitarfélaga og annarra stjórnvalda, til aðila sem stunda atvinnurekstur. Þá hefur Samkeppniseftirlitið lagt á það sérstaka áherslu eftir efnahagshrun að opinberir aðilar styðji við samkeppni í starfsemi sinni og gæti þess að athafnir þeirra leiði ekki til samkeppnishindrana.



# Meðalhófsreglan

- **12. gr. *Meðalhófsreglan***

Stjórnvald skal því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til

# Meginsjónarmið að baki meðalhófsreglunnar

- Stjórnvaldi er ekki aðeins skylt að líta til þess **markmiðs** sem starf þess stefnir að, heldur ber því einnig að taka tillit til **hagsmuna** og **réttinda** þeirra aðila sem at-  
hafnir stjórnvalds og valdbeiting beinist að
- Skylda að fara ákveðinn meðalveg
- Yfirvegún í starfi!

# Sérákvæði í lögum um meðalhóf

- Meðalhóf við framkvæmd lögreglustarfa
  - Við valdbeitinu má lögregla ekki beita meira harðræði en efni standa til. Dæmi: Handtaka. Húsleit.
- Meðalhóf við úrlausn barnaverndarmála
  - Reyna skal fyrst almenn stuðningsúrræði við fjölskyldur áður en gripið er til töku barns af heimili
- Meðalhóf í starfsmannámálum
  - Aðvara skal starfsmann ef um minniháttar brot er að ræða áður en gripið er til áminningar
  - Áminna skal starfsmann áður en gripið er til uppsagnar

# Þrjár meginþættir meðalhófsreglu

- 1. Efni ákvörðunar verður að vera til þess fallið að ná því markmiði sem að er stefnt
- 2. Gerð er sú krafa að velja ber vægasta úrræðið, ef fleiri en eitt úrræði stendur til boða, sem þjónað geta því markmiði sem að er stefnt
- 3. Gæta skal hófs í beitingu þess úrræðis sem valið er

# 1. Markhæf ákvörðun

- Ákvörðun verður að vera til þess fallin að ná því markmiði sem að er stefnt
- Ekki má íþyngja borgurunum að nauðsynjalausu
- Ákvörðun sem er augljóslega ekki til þess fallin að ná því markmiði sem að er stefnt er ólögsmæt
- Ef aðstæður breytast frá gildandi íþyngjandi ákvörðun, með þeim hætti að ákvörðun nær ekki lengur markmiði sem að var stefnt hefur stjórnvald heimild til að afturkalla hana eða breyta henni

## 2. Velja ber vægasta úrræði

- Þegar stjórnvald hafa val um fleiri en eina leið til að ná því markmiði sem að er stefnt, ber að velja vægasta úrræðið sem að gagni getur komið
  - Varast ber að taka íþyngjandi ákvörðun ef annað stendur til boða
  - Ef verður að taka íþyngjandi ákvörðun ber að velja vægasta úrræði
  - Sýna verður fram á sönnun nauðsynlegrar skerðingar
  - Ef eignarréttindi eru skert verður að sýna fram á nauðsyn þess
  - Fyrst ber að beita vægari úrræðum ef ekki liggur fyrir hvaða úrræði getur reynst best
  - Við alvarlegt brot kunna lög að leiðbeina stjórnvaldi um val á úrræði
  - Að skora á aðila að bæta ráð sitt áður en gripið er til íþyngjandi úrræða

# 3. Gæta skal hófs í beitingu þess úrræðis sem valið er

- Eftir að stjórnvald hefur valið vægasta úrræði sem að gagni getur komið til að ná því markmiði sem að er stefnt, verður það að gæta hófs í beitingu þess úrræðis
- Ekki má ganga lengra en að var stefnt
- Á við um allar íþyngjandi ákvarðanir þar sem stjórnvald hefur mat um beitingu úrræðis
- Ber jafnframt að miða við þá hagsmuni sem eru í húfi, sérstaklega af þeir njóta verndar í mannréttinda-ákvæðum Stjórnarskrárinnar
- Skiptir einnig miklu máli um alla valdbeitingu lögreglunnar
- Þar verður einnig að taka tillit til þeirra hagsmuna sem verið er að vernda og hagsmuni þess sem verður fyrir valdbeitingu

# Málefnaleg sjónarmið

## Réttmætisregla

- Reglan um málefnaleg sjónarmið er ólögfest meginregla
- Málefnaleg sjónarmið verða að vera lögmæt
- Geta átt stoð í lögum, lögskýringu eða markmiðum laga
- Þau sjónarmið eru almennt talin málefnaleg sem eru til þess fallin að ná fram markmiðum þeirra laga sem ákvörðun er byggð á
- Valdniðsla
  - Þegar stjórnvald byggir ákvörðun sína á sjónarmiðum sem stefna að öðrum markmiðum en því ber að beita skv. lögum  
Dæmi:
    - að vernda persónulega hagsmuni
    - áskilja sér fjárhagslegan ávinning sem stjórnvald á ekki tilkall til
    - ná fram hefnd
    - annað tilfallandi



# Lögmætisreglan

- Stjórnvaldsákvarðanir verða að:
  - vera í samræmi við lög
  - eiga sér viðhlítandi stoð í lögum
- **Stjórnvöld mega eingöngu það sem er leyft að lögum!**
- **Einkaaðilar mega allt sem ekki er bannað!**

# Lögmætisreglan og réttmætisreglan vinna oft saman

- Stundum veita þau lög sem um ákvörðun gilda stjórnvaldinu *mat* um þær leiðir sem eru færar
- Sú ákvörðun verður alltaf að byggjast á sjónarmiðum sem teljast *málefnaleg*
  - *Dæmi: Ráðning í starf er oft matskennd ákvörðun, t.d. val á milli tveggja jafnhæfra umsækjenda. Þau sjónarmið sem liggja að baki ráðningu verða að vera málefnaleg.*

# Afgreiðsla ákvarðana

- Stjórnvaldsákvarðanir sveitarfélaga eru annað hvort teknar af starfsmönnum sem hafa til þess umboð eða fjölskipuðum stjórnarsýslunefndum
- Starfsmenn
  - Bæjarstjóri og framkvæmdastjórar stofnana
  - Embættismenn með fullnaðarákvörðunarvald og starfsmenn sem starfa í umboði þeirra
- Stjórnarsýslunefndir
  - Bæjarstjórn
  - Bæjarráð og fastanefndir sveitarstjórnar
  - Starfsnefndir með umboð framangreindra

# Afgreiðsla nefnda á stjórnvaldsákvörðun

- Stjórnvaldsákvörðanir sem binda stjórnvald verða ekki teknar nema á lögmætum fundi
  - Formlegur fundur, m.a. boðun og framkvæmd
  - Nefndarmenn þurfa að uppfylla hæfisreglur
  - Fundur þarf að vera ályktunarbær
  - Ákvörðun þarf að hafa meirihluta atkvæða
  - Ákvarðanir nefnda sem ekki hafa heimild til fullnaðarákvörðunar fá ekki gildi fyrr en staðfesting bæjarstjórnar eða annars hlutaðeigandi lögbundins stjórnvalds liggur fyrir

# Bókun í fundargerð

- Tilgangur með bókun fundargerða:
  - Staðfesta þá ákvörðun sem var tekin
  - Sönnunargagn
  - Tryggja að fundargerðir séu réttar og að ekki verði unnt að breyta þeim eftir á
  - Varðveita upplýsingar um ákvarðanir og samþykktir og annað markvert sem gerist á fundum sveitarstjórna

# Réttaráhrif bókunar í fundargerð

- Bókun í fundargerð bindur ekki aðila fyrr en hún hefur verið birt honum
- Ekki er hægt að byggja á viljayfirlýsingu ef enga bókun er að finna í fundargerð sveitarstjórnar
- Ef gleymist að bóka ákvörðun þurfa allir nefndarmenn að staðfesta að ákvörðun var tekin

# Breyting ákvörðunar

- Skv. 1. mgr. 23. gr. ssl. getur stjórnvald breytt ákvörðun sinni þar til hún hefur verið birt aðila máls en upp frá því er ákvörðun bindandi, sbr. 1. mgr. 20. gr. ssl.
- Stjórnvald ætti því almennt að geta breytt ákvörðun sinni enda þótt aðili máls hefði heyrt orðróm um efni ákvörðunar
- Stjórnvaldi ber að gæta að því að birta aðila ákvörðun sína án ástæðulausra tafa
- Af þeim sökum hefur stjórnvald almennt ekki mikið svigrúm tímans vegna til breytinga

# Leiðbeiningarskylda við birtingu ákvörðunar

- Þegar ákvörðun er tilkynnt skriflega án þess að henni fylgi rökstuðningur skal veita leiðbeiningar um:
  - Heimild aðila til þess að fá ákvörðun rökstudda
  - Kæruheimild, þegar hún er fyrir hendi, kærufresti og kærugjöld, svo og hvert beina skuli kæru



# Birting stjórnvaldsákvörðana

- Birtingarregla 1. mgr. 20. gr. stjórnslulaga:
  - *Eftir að stjórnvald hefur tekið ákvörðun skal hún tilkynnt aðila máls nema það sé augljóslega óþarft*
- Regla um gildistíma ákvörðunar:
  - *Ákvörðun er bindandi eftir að hún er komin til aðila*

# Birtingaregla

- Bókun í fundargerð á fundi skuldbindur ekki aðila
- Birta verður málsaðila stjórnvaldsákvörðun sem á að skuldbinda aðila, nema það sé augljóslega óþarft
- 2. másl. 1. mgr. 20. gr.
  - Ákvörðun er bindandi eftir að hún er komin til aðila
- Upphafstími réttaráhrifa:
  - Þegar ákvörðun er *komin til* aðila
  - Ekki er gert að skilyrði að ákvörðun sé komin *til vitundar* aðila
  - Næganlegt að ákvörðun sé komin þangað sem almennt má búast við að aðili geti kynnt sér hana, t.d. bréf á heimili hans

# Rafræn birting.

## Fregnir af ákvörðun

- Lestur fundargerðar á heimasíðu stjórnvalds telst ekki nægjanlega birting
- Stundum eru íþyngjandi ákvarðanir ekki birtar á heimasíðu fyrr en búið er að birta hana fyrir aðila máls
- Tilviljanakenndar fregnir sem ekki stafa frá stjórnvaldi telst ekki nægjanleg birting
- Fréttir í fjölmiðlum telst ekki nægjanleg birting

# Réttaráhrif birtingar

- Áður en samþykkt ákvörðun hefur verið tilkynnt aðila getur stjórnvald breytt ákvörðun
- Frestir sem miðast við birtingu ákvörðunar
  - Beiðni um rökstuðning, 14 daga
  - Kærufrestir, 3 mánuðir almennur kærufrestur
  - Endurupptaka, 3 mánuðir

# Leiðrétting ákvörðunar

- Eftir að aðila hefur verið tilkynnt um ákvörðun er stjórnvaldi heimilt að leiðrétta bersýnilegar villur í henni
  - Misritun á orði, nafni eða tölu, reiknings skekkjur, svo og aðrar bersýnilegar villur er varða form ákvörðunar
- Þegar ákvörðun er leiðrétt ber að tilkynna aðilum málsins um leiðréttinguna án tafar og senda honum nýtt endurrit
- Takmörkun á leiðréttingu
  - Heimildin tekur ekki til leiðréttingar á efni ákvörðunar
  - Hafi t.d. efni ákvörðunar orðið rangt vegna lögvillu stjórnvalds, ónógra upplýsinga um málsatvik eða þess háttar tilvika er ekki unnt að breyta ákvörðun á grundvelli þessa ákvæðis
  - Benda á endurupptöku

# Afturköllun ákvörðunar

- Með afturköllun ákvörðunar er átt við að stjórnvald tekur að eigin frumkvæði aftur lögmæta ákvörðun sína sem þegar hefur verið birt
- Stjórnvald getur afturkallað ákvörðun sína að eigin frumkvæði, sem tilkynnt hefur verið aðila máls ef það er ekki til skaða fyrir málsaðila
- Tvö skilyrði þurfa að vera fyrir hendi:
  1. það er ekki til tjóns fyrir aðila, eða
  2. ákvörðun er ógildanleg

# Rökstuðningur stjórnvaldsákvörðunar

- Aðili máls getur krafist þess að stjórnvald rökstyðji ákvörðun sína skriflega hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðun þegar hún var tilkynnt
- Undantekning (ekki rökstuðningur)
  - Umsókn aðila hefur verið tekin til greina að öllu leyti
  - Einkunnir sem veittar eru fyrir frammistöðu á prófum
  - Styrkir á sviði lista, menningar eða vísinda
- Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því að hún barst
- Úrskurðum í kærumálum skal ávallt fylgja rökstuðningur

# Hvenær þarf að veita rökstuðning?

- Aðili máls getur krafist þess að stjórnvald rökstyðji ákvörðun sína skriflega hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðun þegar hún var tilkynnt
- **Eftirfarandi rökstuðningur** (meginregla)
  - Veittur eftir að ákvörðun er birt, komi fram ósk um það frá aðila máls
- **Samhliða rökstuðningur** (undantekning)
  - Birtur aðila máls samhliða ákvörðun



# Efni rökstuðnings

- Vísa skal til þeirra réttarreglna sem ákvörðun stjórnvalds er byggð á
- Að því marki, sem ákvörðun byggist á mati, skal í rökstuðningnum greina frá þeim meginsjónarmiðum sem ráðandi voru við matið
- Þar sem ástæða er til skal í rökstuðningi einnig rekja í stuttu máli upplýsingar um þau málsatvik sem höfðu verulega þýðingu við úrlausn málsins
- Takmarkanir
  - Takmarka má efni rökstuðnings að því leyti sem vísa þarf til gagna sem aðila máls er ekki heimill aðgangur að, sbr. 16. og 17. gr.

# Tímafrestir og réttaráhrif

- Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan **14 daga** frá því hún var kynnt aðila
- Veita skal rökstuðning fyrir ákvörðun innan **14 daga**
- Dragist að veita umbeðinn rökstuðning skal upplýsa um ástæður tafar og hvenær rökstuðnings er að vænta
- Ósk um að ákvörðun verði rökstudd frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar
- Nýr kærufrestur hefst eftir að rökstuðningur hefur verið tilkynntur aðila
  - Ákvörðun birt aðila 1. mars
  - Aðili fer fram á rökstuðning 15. mars
  - Stjórnvald birtir aðila rökstuðning 1. apríl
  - Nýr kærufrestur (í stað frá 1. mars er nýr kærufrestur frá 1. apríl)

# Endurupptaka máls

- Eftir að stjórnvald hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt á aðili máls rétt á því að mál sé tekið til meðferðar á ný ef:
  1. ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða
  2. íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin

# Markmið endurupptöku

- Fremur algengt er að hafi ákvarðanir orðið rangar eða óheppilegar að efni til sé þeim breytt eftir að mál hafa verið tekin upp að nýju að beiðni aðila
- Endurupptaka er almennt bæði fljótverk og kostnaðarlítill ef endurskoðað þarf ákvarðanir stjórnvalda
- Þykir því heppilegt að í stjórnsýslulögum sé kveðið á um rétt aðila máls til þess að fá mál sitt endurupptekið í eftirgreindum tveimur tilvikum

# Kvörtun til umboðsmanns Alþingis

- Til umboðsmanns getur hver sá kvartað er telur stjórnvald hafa beitt sig rangindum, einstaklingar og lögaðilar
- Ekki geta aðrir borið fram kvörtun en þeir sem hafa orðið fyrir rangsleitni af hálfu stjórnvalda eða halda slíku fram
- Kvörtun af hálfu aðila sem ekki sýnir fram á að brot geti snert beinlínis hagsmuni hans eða réttindi getur þó vakið athygli umboðsmanns á vandamáli. Er umboðsmanni þá heimilt að taka það mál upp að eigin frumkvæði

# Úrslit mála hjá umboðsmanni

- Að lokinni frumathugun máls getur umboðsmaður vísað máli frá með tvennum hætti
  - Kvörtun fullnægir ekki lagaskilyrðum til frekari meðferðar
  - Ljóst er að ekki er ástæða fyrir umboðsmann að láta málið til sín taka
- Hafi umboðsmaður að frumathugun lokinni ákveðið að rannsaka mál nánar er honum heimilt að ljúka málinu með eftirfarandi hætti:
  - a) Fellt mál niður að fenginni leiðréttingu eða skýringu stjórnvalds
  - b) Látið í ljós skoðun sína á því, hvort athöfn stjórnvalds brjóti í bága við lög eða góða stjórnsluhætti
  - c) Ábending um að kvörtun varði ágreining sem á undir dómstóla
  - d) Lagt til við dómsmálaráðherra að veitt verði gjafsókn í máli sem heyrir undir starfssvið umboðsmanns og hann telur rétt að lagt verði fyrir dómstóla til úrlausnar

# Til kynningar!

- <http://www.umbodsmaduralthingis.is/>

# Stjórnsýslukæra

- Með stjórnsýslukæru er átt við það réttarúrræði að aðili máls geti skotið stjórnvaldsákvörðun til æðra stjórnvalds sem þá er skylt að endurskoða hana
- Með stjórnsýslukæru er verið að stuðla að því að ákvarðanir stjórnvalda séu réttar og endurskoðaðar hjá öðrum aðilum en því stjórnvaldi sem tók ákvörðunina
- Stjórnsýslukæra er áhrifaríkt úrræði til að auka réttaröryggi í stjórnsýslunni



# Lagaheimild stjórnsýslukæru

- 1. Ákvæði sveitarstjórnarlaga um kæru til innanríkisráðuneytisins vegna málefna sveitarfélaga
  - Sveitarstjórnarlög
    - M.a. um hvort sveitarstjórnir haldi fundi sína í samræmi við lög, um fundarboðun, auglýsingu funda
    - Hæfi einstakra sveitarstjórnarmanna
    - Sveitarstjórnarkosningar og atkvæðagreiðslur um sameiningu
  - Stjórnsýslulög
    - Uppsagnir, ef á rót að rekja til brota í starfi
  - Gatnagerðargjalda- og holræsisismál
  - Tekjustofnar sveitarfélaga

- 2. Kæru- og úrskurðarnefndir sem vísað er til í efnislögum
  - Úrskurðarnefnd velferðarmála
  - úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
  - úrskurðarnefnd um upplýsingamál
  - úrskurðarnefnd um útboðsmál
  - kærunefnd jafnréttsmála
  - matnefnd eignarnámsbóta
  - úrskurðir menntamálaráðuneytis

# Dómstólaleið

- Ef aðili er ósáttur við afgreiðslu eða úrlausn stjórnvalds hefur hann rétt á að bera mál sitt undir dómstóla
- Ef um er að ræða stjórnvaldsákvörðun getur dómstóll metið:
  - hvort stjórnvald hafi gætt réttra reglna um málsmeðferð
    - málsmeðferðarreglur stjórnarsýslulaga nr. 37/1993
    - málsmeðferðarreglur fagлага, s.s. barnaverndarlaga o.s.frv.
  - hvort lögmæt sjónarmið hafi legið til grundvallar ákvörðun
  - hvort form ákvörðunar hafi verið lögmæt
- Þá kann aðili að láta reyna á skaðabótaskyldu fyrir dómi í kjölfar ákvörðunar æðra stjórnvalds

# Munið að leita ráðgjafar!

[inga@akureyri.is](mailto:inga@akureyri.is)

460 1003

897 1244

Takk fyrir!